

Nd.

61. Breytingartillögur

við frv. til laga um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

Frá Vilmundi Jónssyni.

1. Við 8. gr. í stað 3. málgr. greinarinnar komi tvær málgr., svo hljóðandi:
Ef þess er getið í sóttgæzluskirteini skipsins, eða kunnugt eða grunað á annan hátt, að alvarlegur næmur sjúkdómur hafi verið á brottfararstaðnum, ef sjúkir menn eru eða hafa verið á skipinu á leiðinni, eða lík, og grunur er á, að um næman sjúkdóm sé eða hafi verið að ræða, eða grunur er um sóttmengun skipsins á annan hátt, svo og ef framburður eða vottorð skipstjóra er á einhverjum hátt tortryggilegt, þá má eigi veita heilbrigðisvottorð fyrir en héraðslæknir hefir rannsakað skipið og úrskurðað, að heilbrigðisvottorð skuli gefa. Nú reynist erlend sótt í skipinu, og skal þá farið með það samkv. ákvæðum IV. kafla þessara laga, en ef um annan næman sjúkdóm er að ræða, sem opinberum vörnum er beitt við samkv. lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, eða héraðslæknir telur ástæðu til að beita slíkum vörnum, skal farið með skipið samkv. ákvæðum þeirra laga og ekki veita því heilbrigðisvottorð fyrir en þær ráðstafanir hafa verið gerðar, að öruggt þykir, að sjúkdómurinn berist ekki í land eða breiðist út.
Læknisrannsókn á skipi og þeim, er á því eru, skal jafnan fram fara svo fljótt sem auðið er, og öllum sóttvarnarráðstöfunum skal, eftir því sem unnt er, haga svo, að skipinu verði til sem minnstrar tafar og trafala. Sé héraðslæknir eigi viðstaddur, er sóttvarnarnefnd heimilt að fela öðrum lækni rannsóknina. Sé enginn læknir viðstaddur, skal skipstjóra gefinn kostur á að leita annarar hafnar, þar sem læknir býr. Ef einangra þarf sjúklinga af skipinu, en tormeiki eru á að gera það á staðnum, er heimilt að visa skipinu til næstu hafnar, þar sem einangrun er framkvæmanleg, en þó því aðeins, að sjúklingum sé eigi hættu húin af þeim flutningi. Ef skipið er sóttkvíað, er skipstjóra heimilt að velja sér höfn til að liggja á, að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bága við nauðsynlega læknisrannsókn og lækniseftirlit. Nú vill skipstjóri heldur fara aftur frá landinu en biða heilbrigðisvottorðs, og verður honum ekki meinað það.
2. Við 11. gr. Aftan við greinina bætist:
Ef skipið hefir senditæki, skal það sem fyrst senda ráðherra skeyti með tilkynningu um, hversu ástatt sé fyrir því og hvar og hvenær það sé væntanlegt að landi.
3. Við 13. gr. Síðari málgr. greinarinnar falli burt.
4. Við 25. gr. Aftan við stafliði greinarinnar bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:
f. Úr sóttvarnarsjóði eða ríkissjóði verður ekki greiddur sá kostnaður, er leiðir af töfum skipa samkv. lögum þessum, hvorki útgerðinni, skipverjum né farþegum, ekki heldur skaðabætur fyrir tjón á skipum eða farangri, né fyrir atvinnuspjöll, er leiða kann af framkvæmd laganna.
5. Við 26. gr. Greinin falli burt og greinatalan breytist samkv. því.
6. Við 27. gr.
 - a. Aftan við greinina bætist:
Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, skal farið sem opinber lögreglumál.
 - b. Greinin færast aftur fyrir 29. gr. og greinatalan breytist samkv. því.